

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra RARIK ohf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra RARIK ohf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var forstjóra RARIK ohf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var forstjóra RARIK ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn RARIK ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjóra RARIK ohf.

Í bréfi forstjóra dagsettu 13. ágúst 2012 segir að RARIK ohf. sé félag með einkaleyfisstarfsemi á dreifingu raforku. Félagið reki 25 starfsstöðvar víða um land auk ýmissa dótturfélaga. Velta samstæðunnar sé um 10,7 milljarðar króna og efnahagur um 37 milljarðar. RARIK ohf. sé starfækt sem opinbert hlutfélag í samræmi við lög nr. 2/1995. Samkvæmt 2. mgr. 79. gr. laganna skuli félagsstjórn hlutfélags ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Telur forstjórinn afar óheppilegt og samrýmast illa tilgangi og rekstrarumhverfi félagsins að launin séu ákveðin af kjararáði auk þess sem slíkt sé í raun í andstöðu við framangreint ákvæði. Í bréfinu kemur fram að forstjórinn telur starf sitt með engu móti sambærilegt við þau störf embættismanna sem kjararáð ákvarðar laun og því sé sú fyrirætlan að jafna launum forstjórans við laun þeirra óskynsamleg og illa ígrunduð. Með hliðsjón af því sem fram komi í 8. gr. laga um kjararáð telur forstjórinn eðlilegt að bera laun sín saman við laun þeirra sem gegna sambærilegum störfum, þ.e. yfirmannsstöðum hjá öðrum orkufyrirtækjum. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að RARIK ohf. sé fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki sem ekki sé rekið með fjárframlögum frá ríkinu. Að endingu segir í bréfinu að vinnutíma forstjóra hafi ekki verið sett nein takmörk og almennt sé gert ráð fyrir að hann sé ávallt til reiðu. Mótmælir hann því fyrirhugaðri fækkun mánaðarlegra eininga.

Í bréfi stjórnar RARIK ohf. dagsettu 13. ágúst 2012 var vísað til sömu þátta og fram koma í áðurnefndu bréfi forstjóra RARIK ohf. Kjararáði barst einnig bréf stjórnar RARIK ohf. dagsett 4. september 2012 en þar er ítrekuð sú ósk að við ákvörðun launa forstjórans verði litið til launa hjá sambærilegum fyrirtækjum, þ.e. hjá öðrum orkufyrirtækjum.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri RARIK ohf. send bréf fjármálaráðuneytisins og stjórnar RARIK ohf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Athugasemdir bárust ekki.

Formaður stjórnar RARIK ohf. kom á fund með kjararáði 13. desember 2012 og fylgdi eftir bréfum stjórnarinnar til kjararáðs.

### III.

RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins og var stofnað með lögum nr. 25/2006 og tók þá við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins sem starfað höfðu frá 1. janúar 1947. Í 4. gr. laganna segir að tilgangur hlutafélagsins skuli vera að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt geti rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins. Hlutafélagið tók við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins og þeim réttindum og skyldum sem Rafmagnsveiturnar höfðu. Megináhersla fyrirtækisins nú er á raforkudreifingu og er megnið af dreifikerfi í sveitum í umsjá RARIK ohf. Dreifikerfi félagsins nær til allra landshluta nema Vestfjarða og til 43 þéttbýliskjarna víðsvegar um landið. Auk dreifikerfis raforku á og rekur RARIK ohf. fimm hitaveitur í þéttbýli. Með tilkomu nýrra orkulaga árið 2003 og ákvæðum um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta var ákveðið að stofna sérstakt dótturfélag, Orkusöluna, um framleiðslu og sölu á vegum fyrirtækisins. RARIK ohf. rekur auk þess allmörg önnur dótturfélög.

Í reglum RARIK ohf. um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnar félagsins segir að stjórnin skuli sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana. Stjórnin fer með málefni félagsins og skal sjá um að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin ræður forstjóra og ákveður verksvið hans. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri, hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra RARIK ohf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra RARIK ohf. laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom

einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bætust samkvæmt lögnum.

RARIK ohf. hefur einkaleyfisstarfsemi á dreifingu raforku, rekur fjölda starfsstöðva víða um land og á ýmis dótturfélög. Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að hækka heildarlaun forstjóra RARIK ohf. Einingarverð hækkar og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra.

Fyrri ákvarðanir kjararáðs um aukastörf forstjóra RARIK ohf. skulu óbreyttar standa.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra RARIK ohf.

Laun og starfskjör forstjóra RARIK ohf. skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra RARIK ohf. vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 845.205 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi forstjóri RARIK ohf. notið bifreiðahlunninda og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson